Miðstöð í lýðheilsuvísindum

Málstofa meistaranema

1 ECTS

Lokaðar málstofur meistaranema eru haldnar á tveggja vikna fresti. Að auki eru opnar málstofur á vegum MLV um það bil tvisvar í mánuði. Til að fá einingu þarf nemandi að mæta tíu sinnum á opnar og/eða lokaðar málstofur, og skrá það á viðeigandi hátt hér að neðan. Mætingu má dreifa á fleiri en eitt misseri. Skrifstofa námsins skráir nemanda á námskeiðið þegar mætingarblaði er skilað.

Lokaðar málstofur:. Málstofan er aðallega ætluð þeim meistaranemum sem hafa sent inn umsókn til rannsóknarnámsnefndar og hafið vinnu við meistaraverkefni sitt. Þeim meistaranemum sem ekki hafa hafið vinnu við verkefni er einnig boðið að mæta á málstofuna til undirbúnings undir val og mótun verkefnis. Á málstofunni fá nemar tækifæri til að ræða stöðu mála í verkefni sínu á óformlegan hátt í þeim tilgangi að deila reynslu sinni af vinnu rannsóknarverkefnis, þeim hindrunum sem þarf að yfirstíga við vinnuna og þeim sigrum sem hafa unnist á leiðinni.

Opnar málstofur: Opnar málstofur samanstanda af fyrirlestri og umræðum. Fyrirlesarar eru t.d. doktorsnemar í lýðheilsuvísindum, aðrir nemendur, kennarar eða starfsmenn samstarfsstofnana.

Nafn:_____

Dagsetning	Efni	Staðfesting